



HRUNAMANNAHREPPUR

24. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 5. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN MÁNUDAGINN 9. MAÍ 2016

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2016, þann 9. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 2 mál, auglýsing um verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda í Kerlingarfjöllum (friðlýsing) og umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Suðurlandi vegna rekstrarleyfis fyrir heimagistingu í Garði. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2015: Seinni umræða.
2. Samþykktir fyrir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs: Seinni umræða.
3. Samband íslenskra sveitarfélaga: Kynning á hugsanlegum breytingum á skipulagi og framkvæmd heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.
4. Forkaupsréttur vegna Ásabyggðar 4.
5. Þjóðskrá: Kjördeildarkerfi.
6. Samband íslenskra sveitarfélaga: Utankjörfundaratkvæðagreiðsla.
7. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna.
8. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018.
9. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga.
10. Stjórn Heilsuborps: Tilnefning fulltrúa í stjórn.
11. Námsferð til Svíþjóðar.
12. Grund: Kaupsamningur vegna lóðar við Litlu-Laxá.
13. SIAL ehf: Kaup á lóð úr landi Grafar við Bræðratunguveg.
14. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.
-liggur frammi á fundinum-
15. Íbúafundur.
16. Næsti fundur sveitarstjórnar

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

17. Veitustjórn: Fundargerð 12. fundar veitustjórnar frá 15. apríl s.l.
18. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 8. fundar frá 6. apríl s.l.
19. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 9. fundar frá 2. maí s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

20. Skólalþjónustu- og velferðarnefnd Árneshlíða: Fundargerð 14. fundar stjórnar frá 6. apríl s.l.
21. Fundargerð 108. fundar Skipulagsnefndar frá 7. apríl s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 31. mars s.l.
Mál nr. 11: Afgreiðslur byggingafulltrúa
22. Fundargerð 109. fundar Skipulagsnefndar frá 25. apríl s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 13. apríl s.l.
Mál nr. 20: Hverabakki 2: Umsókn um byggingarleyfi: Gróðurhús.
Mál nr. 21: Túnsberg 2 og 3, íbúðarhúsalóðir: Stofnun lóða og afmörkun.
Mál nr. 22: Langholtsvegur við Hrafnkelsstaði: Endurnýjun 66kV jarðstrengs, framkvæmdaleyfi.
Mál nr. 27: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
23. Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð aðalfundar Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs. frá 25. apríl. s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 507. fundar stjórnar frá 1. apríl s.l.
- b. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 4. fundar stjórnar frá 19. apríl s.l.
- c. Byggðasamlagið Bergrísinn bs. Fundargerð 18. fundar stjórnar frá 4. apríl s.l.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 171. fundar stjórnar frá 20. apríl s.l.

Kynningarmál:

- e. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Vinna við landsáætlun um uppbyggingu innviða-greining á uppbyggingarþörf.
- f. Yfirfasteignamatsnefnd: Birtingarholt 1c.
- g. Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Aðalskipulag Hrunamannahrepps.
- h. Tækisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 3 vegna Hvammsvegar.
- i. Laugaráslæknishérað: Ársreikningur
- j. Ungmennafélag Hrunamanna: Ársreikningur
- k. Ferðamálastofa: Synjun um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamanna.
- l. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Tilkyning um endanlegt framlag vegna nýbúafraeðslu á fjárhagsárinu 2016.
- m. Héraðssambandið Skarphéðinn: Samþykktar tillögur frá 94. Héraðsþingi.

Fundir framundan:

- n. Hitaveita Grafarhverfis: Aðalfundur 24. maí n.k.

Skýrslur á skrifstofu:

- o. Lánasjóður sveitarfélaga. Ársskýrsla 2015.
- p. Héraðssambandið Skarphéðinn: Ársskýrsla 2015.
- q. Virk: Ársrit um starfsendurhæfingu 2016.
- r. Byggðastofnun: Ársskýrsla 2015.
- s. Rarik: Ársskýrsla 2015.
- t. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2015.
- u. Límtré Vírnet ehf: Ársreikningur 2015.
- v. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf: Ársreikningur 2015.
- w. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Jafnréttismál eru sveitarstjórnarmál.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2015: Seinni umræða.**
Ársreikningur Hrunamannahrepps, sundurliðun ársreikningsins og skýrsla endurskoðenda fyrir árið 2015 voru tekin til seinni umræðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 5,3 millj. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 20 millj. Nettófjárfesting var 164,4 millj. Veltufé frá rekstri 68,1 millj. Heildar eignir 1,271 millj., heildarskuldir 813 millj. og eigið fé 457,5 millj. Skuldahlutfall er 94% og hefur hækkað úr 82% frá fyrra ári. Að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikningurinn undirritaður því til staðfestingar.
2. **Samþykktir fyrir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs: Seinni umræða.**
Oddviti kynnti tillögu að breyttum samþykktum fyrir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs til seinni umræðu. Sveitarstjórn samþykkir samþykktir fyrir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs og felur oddvita eða sveitarstjóra að undirrita þær.
3. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Kynning á hugsanlegum breytingum á skipulagi og framkvæmd heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti samantekt frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna hugsanlegar breytingar á skipulagi og framkvæmd heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.
4. **Forkaupsréttur vegna Ásabyggðar 4.**
Oddviti kynnti beiðni frá Sigurði J. Tyrtingssyni þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 4 skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 4 í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4110 skv. eignayfirlýsingu í eignina.

5. **Þjóðskrá: Kjördeildarkerfi.**
Oddviti kynnti bréf frá Þjóðskrá þar sem kynnt er kjördeildarkerfi vegna kosninga.
6. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Utankjörfundaratkvæðagreiðsla.**
Oddviti kynnti bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu og fyrirkomulags á henni. Sveitarstjórn samþykkir að Hrunamannahreppur taki þátt í tilraunverkefni um að utankjörfundaratkvæðagreiðsla geti farið fram á skrifstofu Hrunamannahrepps á skrifstofutíma.
7. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna.
8. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við þann skamma tíma sem boðið er upp á í umsagnarferlinu. Einnig gerir sveitarstjórn athugasemdir við það hve litlu fjármagni er veitt til viðhalds og uppbyggingar á vegakerfi landsins.
9. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um útlendinga.
10. **Stjórn Heilsuborps: Tilnefning fulltrúa í stjórn.**
Oddviti kynnti beiðni um tilnefningu fulltrúa frá Hrunamannahreppi í stjórn Heilsuborpsins á Flúðum. Sveitarstjórn tilnefnir Ragnar Magnússon sem fulltrúa Hrunamannahrepps í stjórnina.
11. **Námsferð til Svíþjóðar.**
Oddviti kynnti fyrirhugaða námsferð á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga til Svíþjóðar 29. ágúst til 1. september n.k. þar sem ætlunin er að kynna sér íbúalýðræði í sænskum sveitarfélögum. Sveitarstjórn samþykkir að senda varaoddvita og sveitarstjóra í námsferðina.
12. **Grund: Kaupsamningur vegna lóðar við Litlu-Laxá.**
Oddviti kynnti drög að kaupsamningi á lóðaréttindum á lóð við Grund á Flúðum við Gott bú ehf. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
13. **SIAL ehf: Kaup á lóð úr landi Grafar við Bræðratunguveg.**
Oddviti kynnti beiðni frá SIAL ehf vegna forkaupsréttarákvæða um kaup á ca 2,8 ha lóð úr landi Grafar/Laxárhliðar við Bræðratunguveg en lóðin er samliggjandi landi sem SIAL keypti af sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við SIAL um sölu á landinu á grundvelli verðs skv. forkaupsréttarákvæðinu og felur sveitarstjóra að skrifa undir nauðsynleg skjöl vegna sölu á landinu.
14. **Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.**
Lögð fram að lokinni kynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Tillagan var kynnt með auglýsingu sem birtist 17. mars sl. en áður hafði hún verið kynnt á íbúafundi sem haldinn var á Flúðum 1. febrúar sl. Samhliða kynningu var umsagnaraðilum kynnt tillagan og liggja nú fyrir umsagnir Vegagerðarinnar, Forsætisráðuneytisins, Samtaka Ferðaþjónustunnar, Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Fiskistofu. Umsagnir annarra umsagnaraðila hafa enn ekki borist.
Aðalskipulagið er sett fram í forsendu- og umhverfisskýrslu, greinargerð, lágglendisuppdrætti í mkv. 1:50.000 fyrir dreifbýlið og 1:10.000 fyrir Flúðir, hálendisuppdrætti í mkv. 1:100.000 auk sérstakrar skýrslu um flokkun landbúnaðarlands. Gerðar hafa verið minniháttar breytingar á gögnum í kjölfar ábendinga sem borist hafa á kynningartíma.
Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga og felur skipulagsfulltrúa að senda tillöguna til athugunar Skipulagsstofnunar.

15. Íbúafundur.

Sveitarstjórn ákveður að haldinn verði íbúafundur í Félagsheimilinu á Flúðum þriðjudaginn 17. maí nk. kl. 20:00 til að kynna niðurstöðu ársreiknings 2015. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi mun mæta á fundinn og fara yfir helstu liði. Þá mun einnig fara fram kynning á hugmyndum vegna deiliskipulags í Gröf auk almennra umræðna.

16. Næsti fundur sveitarstjórnar

Ákveðið að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 9. júní kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

17. Veitustjórn: Fundargerð 12. fundar veitustjórnar frá 15. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar veitustjórnar frá 15. apríl s.l. Þar var farið yfir yfirlit um rekstrarniðurstöður vatnsveitu og fráveitu fyrir árið 2015. Farið var yfir stöðu mála við Kópsvatnsholuna og kaup á öxuldælu í holuna. Farið yfir stöðu mála vegna Lagoon hotels ehf. Ákveðið að bjóða fyrrverandi stjórnarmönnum í afmæliskaffi og farið yfir önnur mál.

18. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 8. fundar frá 6. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar frá 6. apríl s.l. Fjallað var um gönguferðir sumarsins og skipulag þeirra, fyrirkomulag verslunarmannahelgarinnar og viðburða tengdri henni og síðan rætt um dagsetningu Uppskeruhátíðarinnar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

19. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 9. fundar frá 2. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar frá 2. maí s.l. Fjallað var um dagskrá og fyrirkomulag verslunarmannahelgarinnar, skemmtun Hollvína reiðhallarinnar og dagsetningu Uppskeruhátíðarinnar sem ákveðin var 3. september. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

20. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshrepps: Fundargerð 14. fundar stjórnar frá 6. apríl s.l.

Oddviti fundargerð 14. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshrepps. Þar voru kynntar tölulegar upplýsingar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar árið 2015. Kynning á viðbragðsteymi heimaþjónustunnar og trúnaðarmál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

21. Fundargerð 108. fundar Skipulagsnefndar frá 7. apríl s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 31. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 108. fundar skipulagsnefndar frá 7. apríl s.l. afgreiðslur einstakra mála er varða Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 11: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 31. mars s.l.

22. Fundargerð 109. fundar Skipulagsnefndar frá 25. apríl s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 13. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 109. fundar skipulagsnefndar frá 25. apríl s.l. afgreiðslur einstakra mála er varða Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 20: Hverabakki 2: Umsókn um byggingarleyfi: Gróðurhús.

Lögð var fram umsókn eigenda Hverabakka 2 um stækkun á gróðurhúsi til samræmis við meðfylgjandi uppdrátt. Er viðbyggingin um 768 fm að stærð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að vísa útgáfu byggingarleyfis til byggingafulltrúa. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 21: Túnsberg 2 og 3, íbúðarhúsaloðir: Stofnun lóða og afmörkun.

Lögð var fram umsókn eigenda Túnsbergs þar sem óskað er eftir stofnun nýrrar lóðar Túnsbergs 2 auk þess sem afmörkun lóðarinnar við Túnsberg 3 breytist.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun hinnar nýju lóðar Túnsbergs 2 og breytta afmörkun Túnsbergs 3. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 22: Langholtsvegur við Hrafnkelsstaði: Endurnýjun 66kV jarðstrengs, framkvæmdaleyfi.

Lögð fram umsókn um framkvæmdarleyfi vegna endurnýjunar 66kV jarðstreng frá endamastri við Langholtsveg og að tengivirki skammt frá Hrafnkelsstöðum og þaðan að endamastri rétt við gatnamót við Hrafnkelsstaða veg.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir ofangreindri framkvæmd þegar samþykki landeiganda liggur fyrir.

Mál nr. 27: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 13. apríl s.l.

23. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð aðalfundar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. frá 25. apríl. s.l.

Oddviti kynnti fundargerð aðalfundar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. Þar var farið yfir skýrslu stjórnar og ársreikning fyrir 2015. Lögð var fram tillaga að endurskoðun á samþykktum byggðasamlagsins. Ákveðið að semja við Pricewaterhouse Coopers ehf. um endurskoðun. Fjallað um laun skipulagsnefndar. Farið yfir tillögur að breytingum á gjaldskrá. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og þar með taldar tillögur að gjaldskrábreytingum.

Önnur mál:

24. Auglýsing um verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda í Kerlingarfjöllum (friðlýsing Kerlingarfjalla).

Oddviti kynnti drög að auglýsingu um verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda í Kerlingarfjöllum. Þannig yrði tiltekið landsvæði í Kerlingarfjöllum og nágrenni friðslýst með ákveðnum friðlýsingarskilmálum. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa friðlýsingarskilmálana með þeim breytingum á 11. gr. sem rætt var um á fundinum og felur fulltrúa sveitarfélagsins að ganga frá auglýsingunni í friðlýsingarnefndinni.

25. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna rekstarleyfi fyrir heimagistingu í Garði.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstarleyfi vegna heimagistingar í Garði. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda beiðni.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **SASS: Fundargerð 507. fundar stjórnar frá 1. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 4. fundar stjórnar frá 19. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Byggðasamlagið Bergrisinn bs. Fundargerð 18. fundar stjórnar frá 4. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 171. fundar stjórnar frá 20. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- e. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Vinna við landsáætlun um uppbyggingu innviða-greining á uppbyggingarþörf.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Yfirfasteignamatnefnd: Birtingarholt 1c.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Aðalskipulag Hrunamannahrepps.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 3 vegna Hvammsvegar.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Laugaráslæknishérað: Ársreikningur.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Ungmennafélag Hrunamanna: Ársreikningur.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Ferðamálastofa: Synjun um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamanna.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Tilkynning um endanlegt framlag vegna nýbúafræðslu á fjárhagsárinu 2016.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Samtök ferðaþjónustunnar: Ferðaþjónustudagurinn 2016.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Héraðssambandið Skarphéðinn: Samþykktar tillögur frá 94. Héraðsþingi.** Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

o. Hitaveita Grafarhverfis: Aðalfundur 24. maí n.k. Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

p. Lánaþjóður sveitarfélaga. Ársskýrsla 2015. Lagt fram til kynningar.

q. Héraðssambandið Skarphéðinn: Ársskýrsla 2015. Lagt fram til kynningar.

r. Virk: Ársrit um starfsendurhæfingu 2016. Lagt fram til kynningar.

s. Byggðastofnun: Ársskýrsla 2015. Lagt fram til kynningar.

t. Rarik: Ársskýrsla 2015. Lagt fram til kynningar.

u. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2015. Lagt fram til kynningar.

v. Límtré Vírnet ehf: Ársreikningur 2015. Lagt fram til kynningar.

w. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf: Ársreikningur 2015. Lagt fram til kynningar.

x. Samband íslenskra sveitarfélaga: Jafnréttismál eru sveitarstjórnarmál. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:05.